



Iðnaðarráðuneyti
Arnarhvoli
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. júní 2008
Tilvísun: 2008050005
Bréfalykill: 10.5
Verknúmer: 1113000

Efni: Umsögn um leyfi til byggingar nýrra raforkuflutningsvirkja.

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarráðuneytis, dags. 27. maí sl., þar sem óskað er umsagnar um umsókn Landsnets ohf. eftir leyfi ráðherra til byggingar nýrra raforkuflutningsvirkja.

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. reglugerðar um framkvæmd raforkulaga, nr. 1040/2005, með síðari breytingum, skal umsókn um leyfi til að byggja flutningsvirki fylgja þarfagreining vegna viðkomandi virkis, hagkvæmnisútreikningar og greining á áhrifum þess á flutningskerfið og uppdrættir að hinum fyrirhuguðum mannvirkjum, ásamt lýsingum á þeim. Þá skal fullnaðarúrskurður á stjórnarsýslustigi um mat á umhverfisáhrifum liggja fyrir áður en leyfi er veitt vegna matskyldra framkvæmda, sbr. 2. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 1040/2005.

Samkvæmt upplýsingum sem fram koma í þarfagreiningu vegna viðkomandi virkis hyggst Becromal setja upp aflþynnuverksmiðju á Krossanesi við Akureyri, um 3 km frá 132/66 kV tengivirki Landsnets á Rangárvöllum. Þá hafi Becromal og Landsvirkjun undirritað samning varðandi orkuöflun vegna verksmiðjunnar en í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir 75 MW með mögulegri aukningu í 100 MW síðar. Kerfisgreining sýnir að í núverandi flutningskerfi er hægt að afhenda verksmiðjunni 54 MW, að hluta til með skertu afhendingaöryggi. Kerfið er þó mjög viðkvæmt fyrir truflunum.

Orkustofnun hefur farið yfir umsóknina ásamt fylgigögn þau sem bárust með umsókninni. Stofnunin bendir á að í þarfagreiningu er gerð grein fyrir hugsanlegum áhrifum tengingar á flutningskerfið og þeim aðgerðum sem grípa þarf til svo afhendingaöryggi í flutningskerfinu sé tryggt. Leggur Orkustofnun sérstaka áherslu á að í leyfi ráðherra til byggingar nýrra raforkuflutningsvirkja verði kveðið á um að tenging við aflþynnuverksmiðju Becromals á Krossanesi við Akureyri skerði ekki afhendingaöryggi forgangsorku til almennra notenda á Norður- og Austurlandi.

Orkustofnun gerir ekki athugasemdir varðandi kostnaðarmat Landsnets ohf. Stofnunin bendir hins vegar á að þar sem ekki liggja fyrir samningur Landsnets ohf. og Becromals um tengingu aflþynnuverksmiðjunnar við flutningskerfið er ekki unnt að leggja mat á heildarkostnað vegna framkvæmdanna og áhrif þeirra á gjaldskrá Landsnets ohf. Þá er rétt að taka fram að áður en unnt er að ganga frá samningi milli þessarar aðila þarf að Landsnet að móta verklagsreglur um greiðslur/endurgreiðslur vegna óhagkvæmni/hagkvæmni af nýjum tengingum. Einnig telur stofnunin að huga þurfi að því hvernig aukin nýting á byggðalínu valdi tilflutningi á undirliggjandi kostnaði tekjumarka almennra notenda yfir til stórnotenda.

Skipulagsstofnun telur að fyrirhugaðar breytingar á tengivirki á Rangárvöllum og lagning 132 kV háspennustrengs frá Rangárvöllum að Krossanesi á Akureyri falli ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum. Engu að síður bendir stofnunin á að framkvæmdirnar eru framkvæmdaleyfisskyldar og áður en Akureyrarbær veitir framkvæmdaleyfi þarf að ganga úr skugga um að framkvæmdirnar séu í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

Orkustofnun telur að umsóknin uppfylli skilyrði raforkulaga, nr. 65/2003, með síðari breytingum svo og ákvæði reglugerðar um framkvæmd raforkulaga, nr. 1040/2005, með síðari breytingum.

Virðingarfyllt

Ívar Þorsteinsson

Lárus Ólafsson